# AUGLÝSING

**um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.**

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

1. *Holtsvegur 3-7, Lynggata 1 og 3 (Holtsvegur 1). Breyting á deiliskipulagi norðurhluta Urriðaholts, 2. áfangi.*
   Breytingin gerir ráð fyrir því að íbúðum á lóðinni Holtsvegur 1 fjölgi úr 50 í 55. Breytingin nær til hússins Lynggötu 1 og 3.

2. *Akrabraut 1, óveruleg breyting á deiliskipulagi Akra.*
   Gert er ráð fyrir því að byggingarreitur stækki um 3 metra til suðurs en styttist um 14 metra úr vestri. Einnig er gert ráð fyrir skjólveggjum.

3. *Sunnuflöt 22, óveruleg breyting á deiliskipulagi Flata.*
   Breytingin gerir ráð fyrir lítilli viðbyggingu, anddyri, á framlóð utan byggingarreits.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 2. júní 2017.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---